

# Krílakot og Kátakot

Fréttabréf janúar 2015



## Komið sæl

Gleðilegt nýtt ár og hjartans þakkir fyrir árið sem nú er liðið. Árið 2014 gekk vel að okkar mati og þegar við horfum til baka minnumst við ánægjulegs skólaárs, skemmtilegra verkefna, mistaka sem við lærðum af en jafnframt framþróun sem við teljum skólanum til hagsbóta. Við höfum átt í góðum samskiptum við þá sem að skólanum koma, börn, foreldra og aðra sem við metum mikils.

Við horfum því björtum augum til ársins 2015 sem nú er hafið. Við höldum áfram að hafa fréttabréf einu sinni í mánuði og föstudagsfréttabréf deilda, ykkur til upplýsinga. Við vinnum áfram markvisst að grænfánaverkefninu, uppeldi til ábyrgðar, leikskólalæsi, tónum, stærðfræði og öðru sem við höfum lagt áherslu á. Við höfum sent inn umsókn um að verða Heilsuleikskóli og biðum við eftir svari frá stjórn Heilsuleikskóla. Einnig erum við að byrja nýtt verkefni sem við köllum LAP og tengist það fjölmenningu. Kynningarfundur verður í lok janúar og verður nánari tímasetning auglýst síðar.

## Breytingar í starfsmannahópnum urðu nú um áramótin:

Krílakot: Júlíana er farin í veikindaleyfi og fer svo í fæðingarorlof. Lilja Rós er komin frá Mexíkó og verður á Skakkalandi frá 8:15-13:45.

Kátakot: María er farin í veikindaleyfi og fer síðan í fæðingarorlof. Þann 5.janúar kemur Erla Hrönn úr fæðingarorlofi og tekur við deildarstjórn á Sólkoti. Vinnutími hennar er frá 8-14. Lilja Rós ætlar að rölta sér frá Krílakoti í Kátakot síðla dags og mun starfa þar frá 14-16:15.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

## Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)

Karl (Briet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)

Sunna (Úlfur og Álfrímur)

Myriam (Lea)

## Uppbyggingarstefnan

Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

Við leggjum áherslu á að allir fái tækifæri til að vera þeir sjálfir. Við erum ólík og það ber að virða. Við þurfum öll ákveðið öryggi en svo getum við haft ólíkar þarfir. Sumir vilja hafa meiri áhrif en aðrir, sumir hafa mikla þörf fyrir að tilheyra og enn aðrir fyrir frelsinu og gleðinni. Öll erum við samt jafn mikilvægir þegar í samfélaginu og skiptum öll jafn miklu máli. Það er gott að við erum ólík á ýmsum sviðum, það gefur lífinu lit. Hvaða þarfir hefur þú?

### Öryggi



Áhrif

Tilheyra

Frelsi

Gleði



## Leikskólagjöld

Í janúar hækkar gjaldskrá leikskóla Dalvíkurbyggðar um 3,3%

Morgunverður/síðdegishressing verða 2096

Hádegisverður 4069.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast vel með reikningum sínum á Mín Dalvíkurbyggð og láta vita ef eitthvað passar ekki. Það geta alltaf orðið mistök við útreikninga og mikilvægt að leiðrétta þau hið fyrsta.

## Viðbygging við Krílakot

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið markvisst að því að ljúka við teikningu af nýrri viðbyggingu við Krílakot. Nú í nóvember var loka teikning samþykkt af byggðarráði og sveitarstjórn og er nú verið að vinna að fullnaðarhönnun og útlitsteikningu. Í vor er áætlað að grafa fyrir byggingunni og er markmiðið að bygging verði tilbúin í ágúst 2016. Kátakot og Krílakot verða þá undir sama þaki og ríkir tilhlökkun í starfsmannahópnum.

Það er gaman að segja frá því að lögð var áhersla á að sem flestir kæmu að því að móta teikninguna. Fanney Jónsdóttir arkitekt teiknaði og starfsfólk hefur reglulega rýnt í teikningarnar og komið með ábendingar. Foreldraráð skólanna hefur komið að vinnunni, fóru í heimsókn með leikskólastjóra og húsnæðisfulltrúa Dalvíkurbyggðar í nokkra leikskóla auk þess að rýna í teikningar reglulega og koma með ábendingar. Á fundi í haust kynnti leikskólastjóri drög að lokateikningu og fengu foreldrar tækifæri til að koma með ábendingar. Fræðsluráð, fræðslunefnd, sveitarstjóri og byggðarráð hefur fengið upplýsingar og teikningar reglulega í sínar hendur á tímabilinu og gefist kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir.

Til hamingju allir sem að verkefninu komu.

## Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri)  
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)  
Guðríður (Hákon Bragi)  
Júlíana (Einar)  
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

### Grænfáni

Í leikskólunum flokkum við pappír, plast, ál, matarafganga og rafhlöður og setjum í ákveðnar tunnur sem síðan eru tæmdar í endurvinnslutunnuna okkar og hluti matarafganga eru sóttir og fá nokkrar hænur í sveitarfélaginu að njóta. Hvað með ykkur? Við hvetjum foreldra og aðra til að flokka heima og fá börnin í lið með sér.



### Matseðill í janúar

Við munum byrja árið á viku 1 á matseðlinum okkar og svo rúllar hann í sex vikur.



### Fjölmennning

Við erum að byrja nýtt verkefni á nýju ári og verður kynningarfundur í janúarlok. Nánari tími verður auglýstur síðar.



Börnin fara með Jólasveinavísur á Dalbæ

## Sumarleyfi

Á foreldrafundi í Kátakoti í vor nefndu einhverjir foreldrar að skipulagt sumarleyfi væri óhentugt þ.e. tímasetningin (13 júlí - 11 ágúst) og að það væri ekki gott að sumarleyfi væri alltaf á sama tíma ár frá ári. Til upplýsinga þá hefur þessi tímasetning verið valin í takt við lokanir hjá stærstu vinnustöðum sveitarfélagsins og með Fiskidaginn mikla í huga.



Það er mikilvægt fyrir okkur að fá upplýsingar um fjölda foreldra sem sumarfríð hentar illa fyrir og vil ég biðja þá foreldra að senda mér línu á netfangið drifa@dalvikurbyggd.is, Þ.e. Þá sem eru að lenda í vandræðum og einnig hvernig þeir sjá fyrir sér að skipulag á sumarfríi leikskólanna gæti verið í framtíðinni.

Ljóst er þó að alltaf verður um a.m.k. 4ra vikna samfellda lokun að ræða þar sem aukinn kostnaður fylgir styttri lokun.

## Læsi

Lestur fyrir börn skiptir miklu máli. Við lesum mikið fyrir börnin og hvetjum foreldra til að gera slíkt hið sama. Við erum í góðu samstarfi við Bókasafn Dalvíkur og finnst börnunum skemmtilegt að fara í bókasafnsferðir með kennurum sínum.



## Skóladagatal í Janúar

### 2. janúar - Skipulagsdagur í Kátakoti og Krílakoti

Leikskólinn lokaður

### 9. janúar - Dótadagur í Kátakot og Krílakoti

Börnin mega koma með 1-2 leikföng að heiman. Gott er að leikföngin séu í þeirri stærðargráðu að þau passi í hólfi barnanna.

### 23. janúar - Þorrablót í Krílakoti fyrir börn og starfsfólk

Þorrablót haldið þar sem sungnir eru söngvar og þorramatur borinn á borð. Dæmi um söngva eru: Frost á Fróni, Nú er úti norðanvindur og Hangikjötslæri.

### 23. janúar - Pabbakaffi í Kátakoti

Pabbar eða staðgenglar þeirra taki daginn frá - verður nánar auglýst síðar.

### 30. janúar - Þorrablót í Kátakoti fyrir börn og starfsfólk

Þorrablót haldið þar sem sungnir eru söngvar og þorramatur borinn á borð. Dæmi um söngva eru: Frost á Fróni, Nú er úti norðanvindur og Hangikjötslæri.

# Gleðilegt nýtt ár

